

# Uppbyggingasamningur um skíðasvæði Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær, kt. 540596- 2639 og Skíðafélag Ísfirðinga (hér eftir „SFÍ“), kt. 590269-2479, gera með sér svofelldan samning uppbyggingu á skíðasvæði Ísafjarðarbæjar í Seljalandsdal á árinu 2017.

## 1. gr.

Aðilar eru sammála um að SFÍ haldi áfram framkvæmdum við uppbyggingu á skíðasvæðinu á Seljalandsdal samkvæmt áætlun sem eru fylgiskjöl þessa samnings. Þau verkefni sem á að fara í á árinu 2017 eru að:

Breytt aðkoma að svæðinu: kr. 1.995.000,-

- Settar upp tröppur til að auðvelda aðgengi að húsi
- Hönnun, stækkun á húsi í norður
- Hönnun, nýr inngangur í húsið
- Smíði á nýjum inngangi v/húsið
- Smíði á palli við húsið.

Landmótun: kr. 150.000,-

- Sáning á marksvæði

Ný rör v/Kvennabrekkur og flötinni kr. 1.695.000,-

- Setja ný rör í til að ræsa fram flötina ásamt því að fylla yfir

Girðingar: kr. 1.854.000,-

- Endurbætur á snjógirðingum, girðingar hafa farið illa og er orðin brýn þörf á að gera átak í nýjum girðingum.

SFÍ áætla að heildarkostnaður við framkvæmdirnar sé að fjárhæð **kr. 5.694.000.**

## 2. gr.

SFÍ sjái til þess að allt umhverfi sé ávallt til fyrirmyndar meðan á framkvæmdum stendur. SFÍ ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdum skv. þessum samningi.

## 3. gr.

Ísafjarðarbær greiðir sem framlag til framkvæmdanna kr. 3.000.000,- árið 2017. SFÍ skal senda Ísafjarðarbæ tvo reikninga vegna framlagsins. Sá fyrri skal nema 70% fjárhæðar framlagsins eða kr. 2.100.000,- og skal greiddur í síðasta lagi 1. maí. Sá síðari skal nema 30% fjárhæðar framlagsins eða kr. 900.000,-, sem greiddur verður eftir úttekt við verklok.. Verklok skulu vera tilkynnt í síðasta lagi 1. desember 2017 með lokaskýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað

og afriti reikninga. Þegar fulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur staðfest að framlag SFÍ til verkefnisins sé fullnægjandi verður síðari hluti fjárhæðarinnar greiddur.

Ef framkvæmdir skv. 1. gr. samnings þessa hefjast ekki verða þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa afturkræfar. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 1. mgr. 3. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna samnings þessa verða afturkræfar.

#### 4. gr.

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sjá um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, er í forsvari fyrir sviðið. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Forsvarsmaður SFÍ vegna samnings þessa er Kristbjörn R. Sigurjónsson og ber forsvarsmaður ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu gagnvart Ísafjarðarbæ.

#### 5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, \_\_\_ mars 2017

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Skíðafélags Ísfirðinga

\_\_\_\_\_  
Gísli Halldór Halldórsson

\_\_\_\_\_  
Hólmfríður Vala Svavarsdóttir

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

\_\_\_\_\_  
Nafn

\_\_\_\_\_  
Kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn

\_\_\_\_\_  
Kennitala